

Persónugreining

Daníel Freyr Jónsson

Undirbúningur

Áður en hafist er handa er mikilvægt:

- Að lesa vel söguna og taka sérstaklega eftir:
 - Hvar persónan kemur við sögu
 - Talsmáta hennar
 - Hvaða áhrif hún hefur á framvindu sögunnar
 - Samskipti hennar við aðrar persónur



Inngangur

Í inngangi segjum við frá:

- Skáldsögunni sem við erum að fjalla um
 - Gerð
 - Tíma, innri og ytri
 - Samhengi við aðrar bókmenntir
- Höfundi sögunnar
- Efnisyfirlingu
 - Hvaða persónu er verið að greina
 - Hverju við ætlum að komast að um persónuna

Kynnum persónuna

- Segðu frá aðstæðum persónunnar, bæði veraldlegum og félagslegum
- Lýstu útliti persónunnar eins og framast er unnt.
- Farðu yfir hlutverk hennar í sögunni og í hvernig hún birtist lesanda í byrjun sögunnar.

Meginmál

ath. að í meginmáli eru oft margir kaflar og enginn þeirra heitir meginmál

Í meginmáli á að fara yfir helstu atriði sem þarf að skoða í persónugreiningu. Ath. að mögulega kemur ekki allt sem hér er minnst á fram um allar aðalpersónur í hverri einustu skáldsögu:

- Persónueinkenni: Hvað kemur fram um þau, t.d. skapgerð, gáfnafar, skopskyn o.s.frv.
- Persónuþróun: Hvernig breytist persónan í sögunni og hvað er það sem veldur þeim breytingum.
- Áhugahvöt og markmið: Hvað er það sem recur persónuna áfram, af hverju gerir hún það sem hún gerir, hvað ætlar hún sér.
- Sambönd: Hvernig er samband og samskipti hennar við aðrar persónur í sögunni og hvað segja þau um persónuna.
- Innri og ytri átök: Við hvað er persónan að glíma, eru það ytri aðstæður eða innri sálarkreppa eða jafnvel mögulega hvoru tveggja.

Meginmál - framhald

- Gerð: Hverskonar sögupersóna er persónan. Er hún t.d. hetjan, hjálparinn, andhetjan, óvinurinn o.s.frv. Leikur persónan e.t.v. mörg hlutverk í sögunni.
- Staða: Hver er staða persónunnar, er hún úr lágstétt, menntuð eða ómenntuð, rík eða fátæk o.s.frv.
- Samhengi: Hvernig passar persónan í sögulegt-, menningarlegt- og félagslegt samhengi.

Er höfundur að segja okkur eitthvað? Er tilgangur höfundar með persónunni að segja okkur eitthvað um samtímann?

Passið að nefna dæmi úr sögunni sem styður það sem þið segið í meginmáli.

Ath. að þessu segið þið frá í samfeldu máli (með greinaskilum) en ekki í punktaformi eins og á þessum glærum.

Lokaorð

- Í lokaorðum eru tekin saman aðalatriði persónugreiningarinnar og efnisyfirlingunni sem sett var fram í lok inngangs svarað.
- Þar eru einnig settar fram eigin hugleiðingar um persónuna út frá greiningunni, þ.e. finnst þér persónan samkvæm sjálfri sér, hvaða álit hefur þú á persónunni, er hún góð sögupersona og/eða góð manneskja og bendir á dæmi úr sögunni sem styðja þína skoðun.